

Bstj. 21. október 2008

Borgarstjórn Reykjavíkur 21. október 2008

Forseti: Fundur er settur í Borgarstjórn Reykjavíkur og fyrsti liður á dagskrá er umræða um áframhaldandi öfluga grunnþjónustu borgarinnar við núverandi efnahagsaðstæður að beiðni allra borgarfulltrúa og hæstvirtur borgarstjóri tekur til máls.

Bstj. 21. október 2008

1. mál Umræða um áframhaldandi öfluga grunnþjónustu borgarinnar við núverandi efnahagsaðstæður (að beiðni allra borgarfulltrúa)

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Til umræðu er hér mál er varðar okkur öll miklu og ekki síst þá sem í þessari borg búa sem er umræða um áframhaldandi öfluga grunnþjónustu borgarinnar við núverandi efnahagsaðstæður. Einhver hefði nú illa trúað því fyrir ári síðan eða svo að hér væri þetta til umræðu á þessum fundi og við værum raunverulega að tala um að tilkynna borgarbúum það hátt og skýrt og skilmerkilega að við munum standa vörð um grunnþjónustuna í þessari borg. En það eru þannig tímar bæði í rekstri þessa sveitarfélags og annarra og í rekstri fyrirtækja og fjölskyldna í landinu að þess gerist þörf. Þannig að borgarstjórn öll sendir út mjög skýr skilaboð til borgarbúa og til samfélagsins alls að um þessa grunnþjónustu borgarinnar munum við standa vörð á komandi mánuðum og vonandi sem allra allra lengst. Þannig er það, hæstvirtur forseti, að Borgarstjórn Reykjavíkur brást sem betur fer mjög fljótt við yfirvofandi efnahagsþrengingum með því að vinna aðgerðaáætlun vegna breytinga í efnahags- og atvinnuumhverfi landsins.

Engan, eins og ég sagði áðan, óraði þó fyrir því að breytingarnar yrðu jafn alvarlegar og raunin hefur orðið og þess vegna er ég mjög þakklát fyrir það mikla starf sem var unnið hér undir forystu Óskars Bergssonar og hófst í ágúst síðastliðnum og hefur staðið alveg sleitulaust síðan og skilar okkur því að við erum eins vel undir þetta ástand búin og eitt sveitarfélag getur verið. Og þannig er það að hlutverk og ábyrgð Reykjavíkurborgar á þessum tímum í efnahagslífi þjóðarinnar er mjög mikið og skiptir mjög miklu. Það er kannski helst á svona tímum, tímum þar sem að þrengingar mæta okkur, sem mönnum verður ljóst hversu mikilvæg sveitarfélögin eru og hversu ríku hlutverki þau gegna í okkar góða samfélagi.

Þess vegna er það ótrúlega mikilvægt við þessar aðstæður að öll borgarstjórn skuli sem ein standa saman um það verkefni að standa vörð um öfluga grunnþjónustu sem íbúar okkar eiga kröfu til lögum samkvæmt og einnig væntingar til vegna þeirra metnaðarfullu áherslna sem Reykjavíkurborg hefur haft í mörgum málaflokkum undanfarin ár og áratugi. Ég finn sem borgarstjóri og embættismenn borgarinnar skynja það í sínum störfum og starfsfólk okkar alls staðar hversu

Bstj. 21. október 2008

mikilvæg þessi samstaða er og ég vil eina ferðina enn þakka minnihlutanum fyrir þá aðkomu. En í aðgerðaáætlun borgarstjórnar sem rædd var hér ítarlega á síðasta fundi líka kemur meðal annars fram að þrengri fjárhagsstöðu verður að svo stöddu ekki mætt með hækkunum á gjaldskrám fyrir grunnþjónustu eða að svo stöddu mætt með skerðingu á þeirri þjónustu sem íbúar vænta frá grunnþjónustunni okkar sem er eins og leikskólar, grunnskólar, frístundaheimili og almenn velferðarþjónusta.

Engin áform eru uppi um uppsagnir starfsfólks en dregið verður úr kostnaði og nýráðningum í stjórnslu borgarinnar. Nú þegar hefur verið hafin vinna og hefur í raun og veru staðið yfir í dálítið langan tíma eða allavega frá því í ágúst þar sem er unnið hörðum höndum að því að ná niður kostnaði og skoða allar mögulegar hagræðingarleiðir í borgarkerfinu sem geta leitt til betri nýtingar fjármuna og tryggt að íbúar fái áfram þá þjónustu sem þeir gera eðlilega kröfu til í sínu sveitarfélagi. Þess vegna vil ég segja frá því hér og borgarfulltrúum er það kunnugt að nýlega hefur til dæmis fjármálastjóri borgarinnar sent út ákveðin skilaboð, ákveðnar meldingar til handa sviðsstjórunum okkar og þeim sem fara hér með fé dags daglega sem eru viðmið sem við óskum eftir að embættismenn okkar fylgi til þess að ná utan um kostnað og tryggja öfluga hagræðingu á öllum sviðum.

Það er þessi aðgerðaáætlun sem er leiðarljósið okkar í vinnunni framundan og ég vonast til þess að sú aðgerðaáætlun sem samþykkt var hér og tók aðallega mið af árinu 2008, að okkur lánist að halda áfram með það verkefni og auðnist að tryggja að við getum unnið sameiginlega að því, bæði meirihluti og minnihluti. Þess vegna vil ég greina frá því og borgarfulltrúar aðrir munu sjálfsagt gera það líka að nú erum við sem sitjum í þessum aðgerðahópi sem Óskar Bergsson leiðir, í þeim hópi eiga sæti Dagur B. Eggertsson, Svandís Svavarsdóttir og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson auk mín, þar erum við núna að leita leiða til þess að tryggja aðkomu allra borgarfulltrúa að fjárhagsáætlunargerð borgarinnar, allra fagráða, hvort sem það eru meirihlutafulltrúar eða minnihlutafulltrúar og við erum að skoða nýjar leiðir til þess sem við væntum mikils af og teljum að geti verið til mikilla heilla fyrir borgarbúa ef þannig tekst til. Auðvitað fylgir því sá réttur allra að í einstaka málum geta leiðir skilið og þannig verður það þá að vera og menn hafa allan rétt á

Bstj. 21. október 2008

Því en mestu skiptir að við náum samleið og náum að stilla saman strengi hvað varðar meginlínurnar.

Það er afar verðmætt og mikilvæg skilaboð fyrir borgarbúa og okkur öll að þessi borgarstjórn hafi til þess kraft og þor að vinna öðruvísi heldur en við venjulegar aðstæður vegna þess að ástandið og aðstæður eru allt öðruvísi heldur en vanalega. Ég held að það geti verið, eins og ég segi, til mikilla heilla fyrir okkur öll og hef áður lýst mig reiðubúna til þess að reyna nýjar leiðir og aðferðir í því og lýsi því hér aftur og í þeirri vinnu erum við núna sameiginlega í þessum hópi og vorum síðast að ræða það nú rétt fyrir fund. Þessi hópur, sem í raun og veru er eins konar vöktun borgarinnar við þessar erfiðu aðstæður, fundar nú mjög reglulega og við vinnum sameiginlega að því sem ég held að skili okkur öllum miklum árangri. Bæði vegna þess að við þurfum á öllu okkar að halda til þess að vinna á þessu ástandi, við þurfum á þeim að halda jafnt sem tilheyra Samfylkingu, Vinstri grænum og Frjálslyndum eins og við þurfum á þeim að halda sem tilheyra Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki.

Þannig að ég vonast til þess og vænti þess að saman getum við haldið áfram á þessari leið og lýsi mig, eins og ég hef gert ítrekað, reiðubúna til nýrra leiða í því. En hvað varðar þessa grunnþjónustu sem við höfum rætt svo mikið og hvernig við ætlum að halda utan um hana við núverandi aðstæður, þá gerum við það með því, eins og ég sagði áðan, að hagræða. Það kemur fram til dæmis í aðgerðaáætlun að við ætlum að ná fram 15% sparnaði í innkaupum, við erum þegar búin að hætta við ákveðnar stórframkvæmdir eins og stökk við Geirsgötu og Mýrargötu auk þess sem, eins og ég greindi frá áðan, að við erum að fara í verulegar hagræðingar- og sparnaðaraðgerðir á öllum sviðum þar sem það er mögulegt og ég veit til dæmis að það voru til umræðu í forsætisnefnd ákveðnar breytingar er varða okkar eigin aðstöðu og okkar eigin hluti er tengjast vinnulagi borgarfulltrúa og kjörinna fulltrúa. Allt er þetta til skoðunar. Og allt þetta verðum við að skoða við þessar aðstæður.

Mér finnst og vil hrósa starfsfólki borgarinnar, nota tækifærið því hér er fjármálastjóri borgarinnar og hrósa honum sérstaklega fyrir þá miklu vinnu sem menn leggja hér í þetta verkefni dag og nótt til þess að tryggja að við getum gert þetta og allir gera það með það í huga að þrátt fyrir það að nú þurfi hugsanlega að

Bstj. 21. október 2008

skera niður hluti sem geta beðið í ár eða tvö eða má fresta um óákveðinn tíma, að menn gera það með það í huga að það er gert vegna þess að við viljum standa vörð um grunnþjónustuna. Vegna þess að við viljum að börnin okkar fái þjónustu í skólum og grunnskólum, vegna þess að við viljum að fólkið, eldri borgararnir eða þeir sem helst þurfa á þjónustu að halda þurfi ekki við þessar aðstæður að hafa áhyggjur af því. Og þá verður sparnaður að þessu leyti ekki erfiður.

En það er ekki bara þessi aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar sem nú var samþykkt og ég fagna því sérstaklega að sveitarfélögin hafa mörg hver gengið í svipaða átt, heldur höfum við líka sérstaka aðgerðaáætlun velferðarsviðs sem auðvitað er algjört lykilsvið á þessum tímum og gegnir ótrúlega veigamiklu hlutverki í því að tryggja þessa stöðu sem við erum hér að ræða um. Þannig að það hefur ekki aðeins verið samþykkt aðgerðaáætlun sem snýr að fjármálum og efnahagsmálum Reykjavíkur heldur hefur velferðarráð einnig samþykkt sérstaka áætlun um viðbrögð vegna breytinga í efnahagsumhverfinu þannig að velferðarþjónustan verði betur í stakk búin að takast á við viðfangsefnið og aðstoða fólk í erfiðleikum. Efla á með þessari áætlun aðgengi að ráðgjafarþjónustu sem í boði er á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkur og bæta í þar sem telja má líklegt að þörfin verði mest.

Velferðarsvið mun í allri þeirri fjárhagsvinnu sem framundan er njóta, ef svo má að orði komast, ákveðinnar sérstöðu eins og kemur fram til dæmis í aðgerðaplagginu og í þeim samtölum sem við höfum átt við sviðsstjóra, það er það svið sem ætla má að verði breytingar á ef hlutirnir þróast með þeim hætti. Aðgerð til skemmri tíma í þessari aðgerðaáætlun velferðarsviðs miðar að samhæfingu aðgerða velferðarsviðs og Reykjavíkurborgar við áætlanir félagsmála- og heilbrigðisyfirvalda.

Við höfum átt mjög gott samstarf bæði við félagsmálaráðherra og heilbrigðisráðherra vegna þeirra hluta sem þau ráðuneyti eru að gera. Einnig aukinni samvinnu við Lykilstofnanir á borð við Ráðgjafastofu heimilanna, heilsugæslu, Vinnumálastofnun, Rauða krossinn, stéttarfélag og Alþjóðahús. Allt eru þetta aðilar sem við eigum samvinnu við og ég vil sérstaklega nefna sem enn eitt dæmi um það mikla starf sem okkar góða starfsfólk hefur verið að sinna á þessum tímum, þá vil ég nefna það að þeir sem hafa farið með framlínuþjónustu

Bstj. 21. október 2008

hjá Reykjavíkurborg, það er að segja þeir sem reglulega taka samtöl við aðila sem eru að leita aðstoðar eða þurfa að taka símtöl við þá aðila, þeir hafa þegar fengið ákveðna ráðgjöf frá Rauða krossinum um það hvernig best er að bera sig að í þeim tilvikum og allt er þetta merki um það hversu fljótt starfsfólkið okkar er að aðlaga sig að þessum breyttu aðstæðum og hversu mikill metnaður ríkir þar.

Á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar verður boðið upp á sérstaka áfallahjálpar og sálfræði- og félagsráðgjöf. Ég fékk, herra forseti, í síðustu viku ákveðið yfirlit frá þjónustumiðstöðvunum okkar um hvernig staðan væri og hvað þau væru farin að skynja og auðvitað eru þau að skynja ákveðinn aukinn þrýsting og breyttar aðstæður en þó fékk ég líka yfirlit frá til dæmis leikskólastjórum og skólastjórum þar sem menn skynja þetta mun síður, sem er auðvitað gott, hjá börnunum okkar heldur en fullorðna fólkinu og ég held að við eigum að reyna í lengstu lög að halda því þannig. En aðgerðaáætlun velferðarráðs er í fullu samræmi við þessa nýsamþykktu aðgerðaáætlun borgarstjórnar og endurspeglar vel þau skýru skilaboð sem Reykjavíkurborg vill senda um að staðinn verði vörður um grunnþjónustuna og þá nærþjónustu sem mestu skiptir.

Að auki, að endingu, herra forseti, vil ég nefna aðra vinnu sem var farið í vegna óska frá umræddum aðgerðahópi Reykjavíkurborgar. Sérstaklega var sest yfir verkefni sem við köllum „börnin í borginni.“ Það er hvernig erum við að halda utan um börnin í þessu ástandi og hvernig erum við að tryggja að við séum að fylgjast vel með því. Að þessu hafa komið allir þeir forsvarsmenn í okkar embættismannakerfi sem koma að grunnskólum, leikskólum, íþrótt- og tómstundastarfi og öðru því sem lýtur að börnunum í borginni og þau hafa sett upp ákveðið plan sem þau hafa kynnt og fjallar um það að fylgjast með, hlusta og hjálpa og ég held að það sé einmitt rétta leiðin að vera ekki að ávarpa vandann eða ræða hann mjög mikið ef börnin eru ekki að skynja hann heldur að fylgjast með.

Þetta er verkefni sem er unnið undir forystu menntasviðs og, eins og ég sagði áður, ber heitið „börnin í borginni.“ Það er, eins og við höfum rætt, börn og unglingar sem sækja grunnskóla, leikskóla og aðrar stofnanir Reykjavíkur finna auðvitað fyrir þeim breytingum, þrátt fyrir að það sé sem betur fer ekki orðið mjög áberandi, sem eru að verða á þjóðfélagi okkar og verða fyrir áhrifum sem mikilvægt er að milda með samhæfðum aðgerðum og viðbrögðum. Það er því

Bstj. 21. október 2008

mikilvægt og við teljum nauðsynlegt að þeir aðilar sem hefur verið trúað fyrir börnunum okkar, þeir fylgist með, hlusti eftir því hvernig þau bregðast við og hvernig þeim líður og hjálpi ef þess gerist þörf.

Stjórnendur Reykjavíkurborgar munu hér eftir sem hingað til kappkosta að samhæfa viðbrögð og leiðsögn við þá sem sinna starfi með börnum í Reykjavík og eins og ég sagði áður er afar mikilvægt að ýta ekki undir skilaboð sem auka þá tilfinningu að hlutirnir séu ekki eins og þeir eiga að vera. Þetta er semsagt það borgarteymi sem mun starfa eins lengi og þurfa þykir til að fylgjast með þessu, líðan barnanna og starfsfólks á grunnskólum, leikskólum og í frístundastarfi á vegum borgarinnar. Allt er þetta lykilatriði í því að tryggja grunnþjónustuna og standa um hana öflugan vörð.

Mig langar aðeins að endingu, herra forseti, vegna þess að hér erum við að ræða hluti er tengjast íbúunum í borginni og hvernig við erum að tryggja það og mæta því að grunnþjónustan verði varin og fólkið í borginni geti gengið að henni hér eftir sem hingað til og við munum leggja alla áherslu á að tryggja að svo verði áfram, þá get ég ekki látið hjá líða að nefna örstutt starfsfólk borgarinnar sem ég held að sé mjög mikilvægt að við hugum sérstaklega að. Að við séum með upplýsingar til og við veitum ráðgjöf sérstaklega okkar starfsfólki til þess að mæta þörfum þess. Þetta hefur verið rætt mjög víða og ég held að flest sveitarfélögin séu að vinna þannig að það fólk, okkar starfsfólk sé undir það búið að takast á við ný og breytt verkefni og við þurfum ákveðna leiðsögn þeim til handa og ákveðnar leiðbeiningar þeim til handa til að það geti orðið.

Það er eitthvað sem menn hafa verið að gera hér og eru að gera hér og ég vænti mikils af, því það er alveg augljóst að starfsfólkið okkar verður að vera vel undir það búið að geta tekið við þeim viðfangsefnum sem upp koma og til þess þurfa þau að fá ákveðnar upplýsingar frá okkur sem við reynum að gefa þeim hratt og örugglega. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra, enda bara á því að segja það sem ég sagði hér í upphafi að við munum með öllum tiltækum ráðum tryggja það að grunnþjónustan sé hér öflug og verði það við núverandi aðstæður. Við höfum áður sagt úr þessum sal fyrir hálfum mánuði síðan að borgin stendur með borgarbúum við þessar aðstæður og reynir að taka mesta höggið af þeim og tryggja að borgarsjóður sé þess megnugur sem hann er, allavega við núverandi aðstæður og

Bstj. 21. október 2008

ég vil lýsa því yfir líka að ég held að það sé til algjörRAR fyrirmyndar hvernig borgarstjórn hefur unnið að þessu sameiginlega.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Næstur tekur til máls borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

1. mál Umræða um áframhaldandi öfluga grunnþjónustu borgarinnar við núverandi efnahagsaðstæður (að beiðni allra borgarfulltrúa)

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Það er ef til vill ekki miklu við að bæta umræðum sem hér fóru fram um svipað efni í borgarstjórn fyrir tveimur vikum. Það er sannarlega mikilvægt að borgarstjórn hafi gefið út þau skýru skilaboð að við þessa óvissu og þessar aðstæður setji borgarstjórn velferð borgarbúa í fyrsta sæti og styður með töluverðu stolti við bakið á því starfsfólki sem er í framlínuþjónustunni hvort sem það er úti í þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar, í skólunum, leikskólunum, á heimilum aldraðra eða annars staðar. Það reynir gríðarlega á þetta starfsfólk og það er afar mikilvægt að hér í borgarstjórn hafi náðst saman um velferðaráherslur við þær aðstæður sem uppi eru í samfélaginu.

Því þær einkennast öðru fremur af ákveðinni óvissu og sú óvissa er því miður ennþá töluvert mikil. Ég ætla ekki að endurtaka orð mín frá því í síðustu umræðum en ætla ekki að láta hjá líða að minna okkur stjórnámálamenn á það að það sem er kannski jafn mikilvægt við þessar aðstæður eins og hitt að við sendum þau skýru skilaboð að við munum standa eins og kostur er vörð um velferð íbúanna er að það sem er í húfi í þessu samfélagi núna fyrir utan fjármuni og peningalegar eignir og afkomu fólks, heimila, atvinnufyrirtækja og fjölskyldna er líka trúnaðartraustið. Trúnaðartraustið í samfélaginu, sú samstaða sem þarf til þess að endurreisa þetta samfélag á nýjum grunni.

Jafn mikilvægt og það er að við í borgarstjórn og annars staðar í samfélaginu sýnum samstöðu í verkum sem miða að því að setja borgarbúa og þjónustuna í fyrsta sæti, þá verðum við líka að ná sömu samstöðu í því að láta ekki þannig þegar við ræðum þessi mál eins og samstaða felist líka í því að horfast ekki í augu við það sem hér hefur gerst. Gjaldþrot stefnu landsins í efnahagsmálum, peningamálum, gjaldþrot hugmyndafræði á mörgum sviðum sem þarf að gera upp. Þess vegna er það alveg gríðarlega mikilvægt að við sem tökum þátt í stjórnámálum undirstrikum hvar sem við komum að núna þegar þarf að byrja að mörgu leyti upp á nýtt, þarf að gefa upp á nýtt, þá verði það gert af réttlæti en sama réttlæti verður að gilda um uppgjórið sem er óumflýjanlegt og nauðsynlegt

Bstj. 21. október 2008

til þess að fólk hafi trú á þeirri uppstokkun sem nú þarf að fara fram og þessu nýja upphafi.

Áhersla okkar á tal og samstöðu getur aldrei komið í staðinn fyrir þetta. Því það er líklega aldrei brýnna heldur en einmitt nú að stjórn málin standi fyrir réttlæti í því hvernig menn gera upp þá hluti sem á okkur hafa dunið eins og það skiptir máli að við sýnum réttlæti núna þegar við forgangsroðum takmörkuðum fjármunum. En við verðum líka að stíga varlega til jarðar í þessari umræðu vegna þess að það er hluti af því að varðveita það trúnaðartraust sem þó er eftir að vekja ekki væntingar eða trú um hluti sem við hugsanlega getum ekki staðið við. Þess vegna verðum við að stíga varlega til jarðar með allar fullyrðingar á meðan landið er ekki traustara undir okkur.

Við vitum að stærstur hluti fjármálakerfisins er hruninn til grunna. Við vitum ekki ennþá hvaða áhrif það hefur á afgang fjármálakerfisins, hver keðjuverkunin verður í atvinnulífínu. Við vitum það eitt að við erum að fara að sigla inn í erfiðari tíma en við höfum þurft að horfast í augu við á undanförunum árum og raunar áratugum á Íslandi. Við höfum lagt mikið upp úr því og það er auðvitað hluti af því að tala kjark í okkur sjálf og tala kjark í þjóðina að benda á þá augljósu staðreynd að þjóðin hefur líklega aldrei verið jafn vel búin undir það að takast á við það verkefni að byggja upp réttlátt, gott velferðarsamfélag með styrkum stoðum en þá megum við ekki gleyma því, þá megum við alls ekki gleyma því að ef að traustið brestur, ef trúin á framtíðina brestur þá fer sú kynslóð einfaldlega að leita tækifæra annars staðar sem við þurfum sannarlega á að halda til þess að þetta verkefni takist.

Þetta er raunveruleg hættu, þetta er raunverulegt viðfangsefni og þess vegna verða stjórn málin í öllu samstöðutalinu að muna það að mikilvægasta trúnaðarsamtalið og trúnaðartraustið sem við eigum er við samfélagið sjálft, við fólknið sem við eigum núna mikið undir að taki þátt í því með okkur að endurreisa samfélagið en ekki pólitískir flokkar eða trúnaðarsamband milli manna í stjórn máluunum. Þess vegna er þetta heiðarlega uppgjör sem við þurfum einfaldlega sem samfélag að hafa styrk til þess að takast á við og það raunsæi að horfast á við hversu erfið verkefnin eru framundan að vera býsna skýr í huga þeirra sem starfa í

Bstj. 21. október 2008

stjórn máli. Nú er ég þegar búinn að tala lengur en ég ætlaði að gera í þessari umræðu því að það er ekki mjög margt að segja.

Við vitum ekki mikið meira en við vissum fyrir tveimur vikum nema að hugurinn er góður, áherslan er á borgarbúa númer eitt, starfsfólkið númer tvö og samstöðu um að standa vörð um velferðina í borginni og þetta er gríðarlega mikilvægt. En hitt þurfum við að axla sem einstaklingar, sem þátttakendur í pólitík og sem siðferðisverur liggur mér við að segja og þess vegna er nú þessi ræða orðin lengri en ég ætlaði í upphafi.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu og næst tekur til máls borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir.

1. mál Umræða um áframhaldandi öfluga grunnþjónustu borgarinnar við núverandi efnahagsaðstæður (að beiðni allra borgarfulltrúa)

Svandís Svavarsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Í raun þyrfti maður að tala um „ástandið“ innan gæsalappa á hverjum degi. Reyna að átta sig á því hvaða kompásar duga og hvaða mælitæki gilda því að staðan er þannig ágætu borgarfulltrúar að forsendur fyrir umræðu um fjárhagsáætlun eða spár yfir höfuð hafa aldrei verið eins óljósar. Tölur um skuldir Íslands, hvaða lán eru í hendi, hvaða möguleikar eru í hendi, hver er verðbólguþáin, hver er gengisvísitölusþáin, hverjar eru forsendur að því er varðar atvinnulíf. Allar tölur eru óljósar og í slíku umhverfi er auðvitað mikilvægast af öllu að átta sig á grundvallaratriðum. Það er að segja hvaða þættir eru það sem brýnastir eru í samsetningu samfélags.

Það gleður mig í því samtali sem hefur átt sér stað hér í sölum borgarstjórnar hversu klár og skýr félagsleg sjónarmið eru við þá umræðu að höfuðskylda Borgarstjórnar Reykjavíkur er að standa vörð um grunnþjónustuna. Hitt er annað, það er líka ljóst að þessar aðstæður sem nú eru uppi kalla á óvenjulegar aðferðir, hugsanlega önnur vinnubrögð. Hér eru aðrar og meiri kröfur til stjórnmalámannanna og stjórnmalakvennanna sem hér starfa og við verðum að hafa þrek til þess að brjóta blað, til þess að vinna öðruvísi og til að standa þannig með þeim sem treysta okkur fyrir því að stýra borginni. Það liggur auðvitað fyrir að það mun draga úr tekjum af ýmsum sökum, við sjáum þegar blikur á lofti um það, lánamöguleikar borgarinnar rýrna en eins og ég sagði áður þá er mikilvægast að huga að því við slík skilyrði að Reykjavík er fyrst og fremst samfélag.

Rétt eins og fjölskylda breytist úr rekstrareiningu í samfélagseiningu þegar harðnar á dalnum. Velferðarþjónustan hlýtur að verða algjörlega miðlæg og þungamiðjan í öllu starfi Reykjavíkurborgar næstu mánuði og misseri. Velferðarsviðið er það svið sem þarf trúlega að bera þyngstu byrðarnar með borgarbúum því að fátækt er alltaf erfið en við þessar aðstæður ennþá sárari. Starfsfólk borgarinnar sem hefur verið að vinna við mjög erfiðar aðstæður lengi í þenslunni vegna manneklunnar, þetta starfsfólk þarf að njóta öryggis og samstöðu okkar og það þarf líka að njóta þeirrar virðingar sem því ber við erfiðar aðstæður. Alvarlegur skortur á félagslegu húsnæði er hrópandi við þessar aðstæður og dregur ekki úr þeirri þörf og að líkindum fer þar eitt mikilvægasta úrlausnarefni

Bstj. 21. október 2008

næstu mánaða og missera. Við því verður að bregðast því við höfum þá skyldu, borgaryfirvöld, að tryggja fólki þak yfir höfuðið.

Mikil ábyrgð hvílir á okkur að því er varðar atvinnustig og því þarf að vera sérstaklega vakandi fyrir því að allar ákvarðanir sem við tökum, hvort sem er framkvæmdir, viðhald eða fegrun, haldist í hendur við greiningu á atvinnustigi á hverjum tíma. Það sama gildir um velferðarþjónustuna, leikskólana, skólana og frístundaheimilin.

Breytingar á vinnumarkaði og áhrif samdráttar þarf sérstaklega og það er afar mikilvægt að þær breytingar séu greindar á hverri stundu með kynjagleraugum. Hvað þýðir það? Tilhneigingin er sú og verður sú að velferðarþjónustan fari inn á heimilin og samfélagsþátttaka kvenna minnki. Við vitum að kynbundinn launamunur er staðreynd við núverandi aðstæður og það eru líkur á að hann muni jafnvel aukast. Kreppur hafa því miður einatt falið í sér aukið vændi, aukið kynbundið ofbeldi og aðrar birtingarmyndir kynjakerfisins sem er nú lag að uppræta þegar tækifæri er til þess að leggja þennan kapal upp á nýtt. Við samþykktum hér með fimmtán atkvæðum í Borgarstjórn Reykjavíkur tillögu snemma í haust þess efnis að gera könnun á kynbundnum launamun í Reykjavíkurborg og verður nú enn meira aðkallandi að gera slíka könnun til þess að setja jafnframt öðrum aðgerðaáætlunum strax í gang aðgerðaáætlun til að útrýma kynbundnum launamun og til þess að hann aukist ekki við þær kringumstæður sem nú eru uppi.

Hér hefur nokkuð verið fjallað um aðferðir við ákvarðanatöku og borgarstjóri gerði ágætlega grein fyrir því hér í innganginum og borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson nefndi það sömuleiðis, samstöðuna sem allir gera kröfu um. Nú skulum við ekki leita að sökudólgi, nú skulum við standa saman. Það er mín skoðun hvort sem er við þessar aðstæður eða annars að við eigum alltaf við allar kringumstæður að leita að sameiginlegri niðurstöðu.

Við eigum alltaf við allar kringumstæður að draga sem flesta að borðinu vegna þess að með samtali meirihluti og minnihluta, með samtali allra kjörinna fulltrúa, nálgumst við betri, fyllri og skynsamlegri niðurstöðu í öllum málum á öllum tímum. Vondar ákvarðanir eru teknar af fáum einstaklingum á miklum hraða.

Bstj. 21. október 2008

Góðar ákvarðanir eru teknar með því að hlusta, með því að tala saman, með því að kalla fjölbreytt sjónarmið að borðinu. En af þessum sökum ekki síður er mikilvægt við þær aðstæður sem nú eru uppi að kalla fleiri aðila að borðinu. Við þurfum að eiga skipulegt og öflugt samráð við hagsmunasamtök, við íþróttafélög og við grasrótahreyfingar. Um leið er hlutverk hverfaráðanna afar mikilvægt sem nokkurs konar skynjara úti í hverfin í borginni.

Samstarf og samráð um gerð fjárhagsáætlunar þar sem brotið væri blað í aðferðafræði hjá Reykjavíkurborg er því ákveðið sóknarfæri. Ég hef væntingar til þess að sá darraðadans sem nú stendur yfir, sú breytta sýn sem nú heldur innreið sína í sali Reykjavíkurborgar vegna ytri aðstæðna verði til þess að innleiða betri, heilbrigðari og markvissari vinnubrögð inn í stjórn málin. Ekki bara tímabundið heldur til framtíðar. Vegna þess að vinnubrögðin eiga nefnilega alltaf við og ekki, ágætu borgarfulltrúar, til að setja pólitíkina til hliðar. Ekki til að setja pólitíkina til hliðar heldur vegna þess að þessi vinnubrögð eru pólitík í sjálfri sér. Það er hápólitísk ákvörðun að allir borgarfulltrúar komi saman að ákvarðanatöku. Það er hápólitísk ákvörðun. Og það er miklu meira krefjandi pólitík heldur en sú sem einkennist af því að byrja á því að líta á flokksskírteini og ákveða síðan afstöðu til tillagna.

Þessi nýja nálgun sem að mörgu leyti einkenndi vinnu stýrihóps varðandi REI-málið fyrir réttu ári er nálgun þar sem að lýðræði og gagnsæi er haft í öndvegi. Þar sem að hefðbundin valdbeiting, yfiringur og hraði heyrir sögunni til og þar sem fleiri kvenlæg gildi fá notið sín heldur en hefðbundið er í stjórn málaumræðu. Þannig verður nefnilega að móta nýja Ísland með nýjum aðferðum. Það er sú krafa sem hefur verið gerð á okkar hendur. Að vera óhrædd við nýjar aðferðir, nýjar nálganir, til þess að byggja upp traust aftur eins og borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson benti á, ekki bara milli stjórnmálaflokka heldur ekki síður milli stjórnmálanna og almennings í þessu landi. Þessar aðferðir eru lýðræðislegri og farsælli fyrir alla þjóðina og ég vil leyfa mér að segja að þetta séu aðferðir framtíðar og þess vegna er raunalegt að aðferðir fortíðar sem einkennast af yfiringi og hraða skuli enn vera viðhafðar í ríkisstjórn Íslands þar sem að þeim aðferðum er beitt að stjórnarandstöðunni er haldið fyrir utan upplýsingar.

Bstj. 21. október 2008

Ég geri mér grein fyrir því, forseti og ágætu borgarfulltrúar, að það er ekki umræðuefnið hér en ég geri mér vonir um það að umræða, starfsaðferðir og skilningur Borgarstjórnar Reykjavíkur hafi áhrif á þróun aðferða í landsmálunum. Það er ljóst að staða sveitarfélaganna er víða erfið, bæði út um land og hér á höfuðborgarsvæðinu, af ýmsum ástæðum og við svo búið má ekki standa því sveitarfélögin öll fara með grunnþjónustu við almenning og heimilin í landinu. Höfuðborg landsins, Reykjavík, verður að vera í fararbroddi íslenskra sveitarfélaga að því er það varðar að fara fram á frumkvæði og skilning ríkisstjórnar Íslands á erfiðum tímum. Gagnvart sveitarfélögunum.

Ríkisstjórnin hefur haldið því fram að standa beri vörð um almenning og heimilin í landinu. Ég geri fyrir hönd þeirra kröfu um það að það verði gert með því að tryggja öllum íslenskum sveitarfélögum viðunandi rekstrarumhverfi í þessum aðstæðum vegna þess að öll íslensk börn eiga að njóta grunnþjónustu sama hvar þau búa. Annað er óverjandi. Annað er algjörlega óþolandi og stenst ekki þegar ríkisstjórn Íslands heldur því fram að meginmarkmiðið sé að standa vörð um hag heimilanna og almennings í landinu. Staðan er þannig að börnin sitja nú þegar uppi með skuldir til langrar framtíðar og það hlýtur því að vera skylda okkar við þau sama hvar þau búa að þau njóti öruggar, sterkar menntunar. Að möguleikar þeirra til framtíðar verði ekki skertir. Sjálfbær efnahagsstefna, sjálfbær þróun sem gengur ekki á möguleika barnanna okkar til framtíðar og barnabarnanna okkar, það er krafa dagsins. Það er svarið.

Forseti, borgarfulltrúar. Það hlýtur að vera við þessar aðstæður okkar verkefni til lengri tíma sem hér erum stödd að gera áætlun, sjá fyrir okkur þróun og möguleika borgarinnar Reykjavík við þessi skilyrði. Endurreisn eða endursköpun. Áætlun til tíu ára, til tuttugu ára, sem felur í sér kortlagningu, mat á möguleikum og sóknarfærum miðað við mismunandi aðstæður. Næstu misseri verða krefjandi að því er varðar brýn og aðkallandi verkefni í fjárhag og rekstri borgarinnar en við verðum líka að gæta þess að verkefnið er félagslegt, snýst um samfélag, það varðar börn, það varðar konur, það varðar karla á hverjum einasta degi. Þar er hlutverk okkar ekki síður brýnt. Hlutverk okkar er að tryggja að borgarbúar verði stoltir af Reykjavík til langrar framtíðar, Reykjavík sem ryður brautir, Reykjavík

Bstj. 21. október 2008

sem gefur möguleika og Reykjavík sem tryggir jöfnuð. Reykjavík sem stendur með borgarbúum.

Forseti: Borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir hefur lokið máli sínu og næst tekur til máls borgarfulltrúi Jórunn Frímansdóttir.

1. mál Umræða um áframhaldandi öfluga grunnþjónustu borgarinnar við núverandi efnahagsaðstæður (að beiðni allra borgarfulltrúa)

Jórunn Frímannsdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar og ágætu borgarbúar sem mögulega sitja og hlusta. Ástandið í efnahagsmálum þjóðarinnar er, eins og öllum er kunnugt, sérkennilegt og er það víða sem einstaklingar og fjölskyldur horfa fram á erfiða tíma. Velferðarráð samþykkti aðgerðaáætlun fyrir velferðarsvið fyrir tveimur vikum síðan og á sviðið og starfsmenn þess svo sannarlega skilið þakklæti fyrir það hvað það brást á skömmum tíma við með þessari sérstöku aðgerðaáætlun fyrir sviðið. Það hefur verið farið yfir, á sviðinu, aðgerðir til þess að undirbúa mögulega vaxandi þjónustubörf notenda og aukningu í notendahópnum.

Leiðarljós velferðarsviðs er að efla ráðgjöf og velferðarþjónustu til þess að koma til móts við tímabundna erfiðleika Reykvíkinga. Úti á þjónustumiðstöðvum finnur starfsfólk fyrir vaxandi þrýstingi en þó er ekki hægt að tala um neina holskeflu ennþá. Það er vaxandi þrýstingur víða í borginni og mismunandi eftir hverfum en það er ekki hægt að tala um það að það sé orðin ennþá einhver holskefla vanda enda vandinn kannski aðeins seinni, eða kemur seinna inn á þjónustumiðstöðvar. En það er nauðsynlegt að við getum mætt einstaklingum þegar og ef þeir þurfa á því að halda og það er fyrst og fremst verkefni velferðarsviðs núna, það er að aðlaga kerfið að því að geta mætt aukinni þörf.

Að aðlaga þjónustu sviðsins að nýjum aðstæðum og geta mætt þörfinni ef og þegar hún verður. Það er ekkert ljóst á þessum tímapunkti, eins og komið hefur fram í máli þeirra sem hér á undan hafa talað, það er ekkert ljóst hversu mikil sú aukning verður. Við getum orðað það svo að við sjáum ekki út úr þessu ennþá, þessu ástandi og þessum hvirfilvindi sem við erum stödd í. En það er líklegt að þörfin aukist og við erum að undirbúa það. Til lengri tíma er síðan þörf til að meta aðstæður heildstætt og það verður gert þegar við erum komin út úr hvirfilvindinum og farin að sjá til bjartari tíma.

En helstu verkefni sem hefur verið unnið að á velferðarsviði síðastliðnar vikur, og er verið að vinna að, kom nú að einhverju leyti fram í máli borgarstjóra hér áðan en ég ætla aðeins að fara yfir það, að það hefur verið aukið samstarf við ráðuneytin, bæði heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytið og Vinnumálastofnun,

Bstj. 21. október 2008

Rauða krossinn og Ráðgjafastofu heimilanna ásamt stéttarfélögum þar sem að verið er að vinna að því að koma á reglubundnu samstarfi og reglubundnum fundum til þess að meta stöðuna hverju sinni og finna út hvernig við getum best stillt saman strengi.

Nú, það hefur verið sett í gang námskeið fyrir starfsfólk og það er verið að auka stuðning við starfsfólk því starfsfólk borgarinnar og þjónustumiðstöðva er ekkert síður að lenda í erfiðleikum á þessum tíma og öll höfum við hreinlega orðið fyrir einhvers konar áfalli og það er nauðsynlegt að styðja vel við starfsfólk borgarinnar sem er síðan okkar fólk í því að styðja við borgarbúa og mæta og þjónusta þá. Þannig að það er lögð mikil áhersla á það inni á sviðinu núna að vinna að þessu og vinna að því að styðja við starfsfólk úti á þjónustumiðstöðvum og úti á feltinu sem er að vinna með fólkinu okkar.

Velferðarsvið er með fulltrúa í viðbragðs- og sameiningarteymi á vegum borgarinnar. Það er einmitt verið að fylgjast vel með þróuninni, stilla saman strengina fyrir borgina og meta það hverju sinni hvernig hægt er að bregðast við. Fara yfir lykiltölur, til dæmis um það hvort fólk sé að taka börn sín úr mat í skólunum, hvort að börn séu að hætta í íþróttum, tómsundastarfi eða öðru slíku og hafa svolítið puttann á púlsinum og það er hlutverk þessa teymis sem er samsett frá fulltrúum úr allri borginni, meðal annars velferðarsviði, menntasviði, leikskólasviði og það er mikilvægt að þessi svið tali vel saman.

Það hafa verið haldnir samráðsfundir úti í hverfum borgarinnar með kirkju, lögreglu, skólum og fleiri aðilum, íþróttafélögunum sem eru starfandi í hverfum borgarinnar og vita svona og finna hvernig staðan er hverju sinni. Víða hefur verið fundað í leikskólum og grunnskólum með starfsfólki til þess að fara yfir hvernig best er að styðja við börnin og meta aðstæður þeirra hverju sinni, hvort þær séu að breytast mikið. Það hefur verið tekið saman yfirlit yfir úrræði, öll þau úrræði sem til staðar eru og er hugsunin sú að starfsmenn borgarinnar hafi á einum stað gott yfirlit yfir þau úrræði sem eru til staðar og þau verða síðan sett inn á vef borgarinnar og eru nánast að verða tilbúin til þess þannig að allir geti svona flett þessu upp með aðgengilegum hætti og skoðað það hvaða úrræði eru í boði og hvaða leiða er hægt að leita í vanda.

Bstj. 21. október 2008

Það hafa verið haldnir fundir með starfsmönnum þjónustusímans því að það er líka, hvað á maður að segja, möguleg aðstaða að þeir sem svara í símann fyrir borgina, þeir eru mögulega að fá símtöl frá fólki sem hreinlega er í áfalli og það þarf að vera hægt að leiðbeina því vel í gegnum síma og styðja við það áfram þannig að það fái ekki höfnun hér hjá borginni ef þannig ber undir. Samstarfið við Ráðgjafarstofu heimilanna, eins og ég kom inn á áðan, hefur verið eflt og það er orðið miklum mun virkara heldur en það hefur verið enda er Ráðgjafarstofa heimilanna með mikla fjármálaráðgjöf sem er kannski það sem borgin hefur ekki uppá að bjóða og því mikilvægt að þarna sé gott samstarf og þar er talað um að fulltrúar frá Ráðgjafarstofu heimilanna geti jafnvel komið út á þjónustumiðstöðvar og veitt viðtöl þar og stuðning við okkar borgarbúa.

Það er líka verið að huga að því hvernig megi auka aðgengi að námskeiðum, ýmiss konar, sem eru til þess fallin að styðja við fjölskyldur og börn í borginni og fjölga þátttakendum í þeim. Við erum að skoða það núna hvort möguleiki sé að opna félagsmiðstöðvarnar okkar eða þjónustumiðstöðvar eldri borgara eða þar sem að félagsstarfið er, hvort það megi opna það betur og reyna að höfða til borgarbúa allra þar sem væri möguleiki að vera með námskeiðahald og fleira eða bara vettvang þar sem fólk gæti komið saman og skipst á skoðunum og farið yfir stöðuna hjá sér og í sínu nærumhverfi hverju sinni og fengið stuðning hvert frá öðru. Það er líka verið að skoða það að fjölga á þessari svokölluðu félagsráðgjafavakt sem er á hverri einustu þjónustumiðstöð og að félagsráðgjafar geti þá losað sig út úr öðrum störfum til þess að geta frekar verið á vaktinni og tekið þá viðtöl við nýja einstaklinga eða viðtöl sem geta ekki beðið og þetta er allt í fullri vinnslu úti á þjónustumiðstöðvunum.

Það hefur komið fram hér í máli þeirra sem á undan hafa talað og sérstaklega hjá borgarstjóra Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, háttvirtri, að við ætlum að standa vörð um grunnþjónustuna og það er það mikilvægasta verkefni sem við stöndum frammi fyrir núna. Við vitum, á velferðarsviði, sem er að það eru ákveðnar líkur á því að það verði meiri þörf, það verði meiri þörf fyrir viðtöl, fyrir stuðning, fyrir þjónustu úti á feltinu, við köllum þetta gjarnan feltið en það er svona úti á meðal fólksins og þar sem við erum að veita þjónustuna og við erum að búa okkur undir það og munum geta brugðist við því ef á þarf að halda.

Bstj. 21. október 2008

Hér hefur verið kynnt nýlega stefna í málefnum utangarðsfólks sem verður að sjálfsögðu staðinn vörður um því ekki er þörfin minni á þessum tímum. Málefni geðfatlaðra, nýlega var skrifað undir yfirlýsingu þess efnis að þau væru að flytjast til borgarinnar fyrir áramót. Við erum að sameina heimahjúkrun og heimaþjónustu, þetta eru allt stór og brýn verkefni, þetta eru velferðarverkefni sem skipta okkur miklu máli og við munum halda áfram að vinna að því enda, hvað á maður að segja, hluti af því að þjónusta borgarbúa betur og með skilvirkari og hagkvæmari hætti jafnvel. Oft og tíðum þegar verið er að sameina svona þjónustu.

Við megum ekki gleyma því í öllum þessum erfiðleikum sem nú blasa við að við erum bjartsýnisfólk auðvitað, Íslendingar, og við erum dugleg og við erum í rauninni afskaplega rík, við eigum hér fullt af auðlindum, tækifærum og við munum vinna okkur hratt upp úr þessu. Öll él styttir upp um síðir eins og einhvers staðar segir og við komumst í gegnum þennan vetur núna sem verður auðvitað ekki auðveldur, hvorki hér í borginni né annars staðar á landinu en við tökum bara á sameiginlega.

Við eigum hvert annað og þurfum að hlúa hvert að öðru nú sem endranær. Samstaða okkar hér í borgarstjórn skiptir miklu máli núna og ég tek undir hér það sem fram hefur komið að það er það sem við þurfum að standa vörð um. Við erum sameiginlega í þessu verkefni og borgarbúar þurfa á því að halda og þeir þurfa að finna það að þeir eiga hér öflugt lið, Borgarstjórn Reykjavíkur, sem er tilbúið að takast á við vandann saman og standa vörð um þjónustuna við borgarbúa og velferðarkerfið okkar allt saman.

Forseti: Borgarfulltrúi Jórunn Frímannsdóttir hefur lokið máli sínu. Næst tekur til máls borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

1. mál Umræða um áframhaldandi öfluga grunnþjónustu borgarinnar við núverandi efnahagsaðstæður (að beiðni allra borgarfulltrúa)

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég fagna þessari umræðu um forgangsröðun í þágu velferðarþjónustunnar. Að við séum öll farin að tala einum rómi um það að velferðarþjónustan í borginni, störfin og starfsemin hjá borginni, gjaldskrárnar og kjörin hjá borginni sem skiptir meginmáli og á sama tíma þarf að leggja fjárfestingarævintýri í pólitískri þágu borgarfulltrúa og þeirra metnaði fyrir hönd sjálfra sín til hliðar og líka að Borgarstjórn Reykjavíkur taki til hjá sjálfri sér í yfirbyggingunni, í stjórnkerfinu og í ýmsum kostnaði sem oft er af fjölmiðlamönnum kallaður flottræfilsháttur en yfirleitt mælist verst fyrir þegar tekið er á því. En ég ætla í stuttu máli að bóka mína skoðun á þessu máli að mjög gefnu tilefni og legg fram svohljóðandi bókun með leyfi forseta:

Forgangsröðun í þágu velferðarþjónustu og starfsemi borgarinnar, frestun ýmissa framkvæmda ásamt styrkri og aðhaldssamri fjármálastjórn hefur verið boðuð af undirrituðum frá upphafi þessa árs. Sú forgangsröðun hefur mætt litlum skilningi hjá borgarfulltrúum annarra flokka þar til nú, þegar afleiðingar einkavinavæðingar og fjármálaóstjórnar gömlu ríkisstjórnarflokkanna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, blasa við. Sú aðgerðaáætlun sem nú hefur verið samþykkt í borgarstjórn er í raun staðfesting á því sem lagt var upp með í tíð síðasta meirihluta, þ.e. forgangsröðun í þágu velferðarþjónustu og starfsemi Reykjavíkurborgar og fólksins í borginni. Aðstæður eru hins vegar orðnar þannig að áður áformuð fjárfestingaævintýri ýmissa borgarfulltrúa í nýjum meirihluta geta ekki orðið að veruleika. Helstu embættismenn sem vinna að fjármálum borgarinnar bentu á það þegar í upphafi árs að af slíkum fjárfestingaævintýrum gæti ekki orðið og þörf væri á ítrasta aðhaldi í fjármálastjórn borgarinnar. Jafnframt hefur undirritaður beitt sér fyrir því að dregið væri úr yfirbyggingu í stjórnkerfi borgarinnar og að dregið væri úr ferða-, dagpeninga-, risnu- og veislukostnaði en mikið hefur vantað á að borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins væru tilbúnir í þá vegferð. Loks skal bent á að núverandi meirihluti hóf sitt samstarf með því að fresta borgarráðsfundi vegna ferðalaga helstu lykilmanna í borgarráði. Nú fyrst er verið að snúa við blaðinu og því ber að fagna. Ég segi því loksins, loksins.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu. Næstur tekur til máls borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

1. mál Umræða um áframhaldandi öfluga grunnþjónustu borgarinnar við núverandi efnahagsaðstæður (að beiðni allra borgarfulltrúa)

Óskar Bergsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur verið uppi um það mikilvæga hlutverk okkar að standa vörð um áframhaldandi öfluga grunnþjónustu í Reykjavík. Ég held að það sé mikilvægt fyrir okkur að við horfum til þess á hverjum tíma og með jöfnu og stöðugu millibili hvernig við vinnum þessa vinnu áfram. Þessi vinna er eins og ykkur er kunnugt unnin á grunni þeirrar aðgerðaáætlunar sem ég vil leyfa mér að segja að við bárum gæfu til að hefja hér í upphafi þessa meirihlutasamstarfs sem var hér í ágúst og þar sem við sáum að það voru talsverðar breytingar í umróti efnahagsmálanna gerðum við okkur aldrei grein fyrir því að við myndum standa frammi fyrir þeirri holskeflu sem við gerðum þá daga sem við kynntum aðgerðaáætlunina fyrir tveimur vikum síðan.

Ég held að plaggið eins og það lítur út sé í raun og veru góður grunnur til þess að halda áfram. Því hefur verið vel tekið úti í samfélaginu. Önnur sveitarfélög hafa tekið upp svipaðar starfsaðferðir og ég heyri það á íbúum Reykjavíkur að þeim þykja þetta góð skilaboð frá Borgarstjórn Reykjavíkur. Eftir allt það umrót sem á undan er gengið eru þetta bæði nauðsynleg og góð skilaboð Borgarstjórnar Reykjavíkur út í samfélagið að hér ætli menn að vinna saman óháð pólitískum flokkum, óháð pólitískum flokkadráttum og óháð því umróti sem hefur verið hér að undanförmu og margir hafa brennt sig á.

Það sem við ætlum síðan að gera í framhaldi af þeirri aðgerðaáætlun sem hefur verið kynnt og hefur verið til umræðu og hefur lagt grunninn að því sem við erum að gera hér og nú er í raun og veru önnur tilraun sem við ætlum að gera í beinu framhaldi og það er tilraun til samstöðu um fjárhagsáætlunarvinnuna. Leggja af stað í þann leiðangur líka að reyna að ná sameiginlegri niðurstöðu í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar og vinna með þeim hætti fram að áramótum og út næsta ár.

Nú kann það vel að vera að það gangi ekki þegar til lengdar lætur og það komi upp sú staða að það séu ákveðin álitamál, ákveðin forgangsröðun framkvæmda og annað slíkt sem leiðir til þess að leiðir skilja og það held ég að sé líka bara ósköp eðlilegt og alveg við því að búast að slíkt gerist en eftir á að standa fjárhagsáætlun þar sem ákveðin sameiginleg sýn er í öllum meginmálum en þar sem eru kannski

Bstj. 21. október 2008

ákveðin atriði þar sem við verðum bara hreinlega sammála um að vera ósammála og leiðir skilja þar í einstökum verkefnum og einstakri forgangsörðun verkefna. Ég held að það sé ekki nema eðlilegt en leiðarljósið verður samt sem áður það að meginmarkmið fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2009 verði um að verja grunnþjónustuna í borginni og til þess erum við öll tilbúin að vinna.

Þegar maður veltir fyrir sér öflugri grunnþjónustu og grunnþjónustu Reykjavíkurborgar þá er í raun og veru það sem fyrst kemur upp í hugann skólarnir okkar, leikskólarnir, velferðarþjónustan og öll þessi almenna grunnþjónusta í borginni. En það er líka meira sem er hluti af grunnþjónustunni og við þurfum að standa vörð um við þessar aðstæður og það er grunnþjónusta eins og að halda borginni hreinni, leggja okkar að mörkum til þess að halda uppi öflugum atvinnustigi í borginni, viðhald mannvirkja, uppbygging og að sjálfsögðu tekjuöflun fyrir borgina líka vegna þess að það er í raun og veru eitt af stóru verkefnum samhliða því að standa vörð um grunnþjónustuna, með hvaða hætti Reykjavíkurborg ætlar að fara inn í árið 2009 og í raun og veru með það líka að leiðarljósi með hvaða hætti við getum aukið tekjur okkar við þessar aðstæður.

Við erum í raun og veru ekkert í annarri stöðu en venjuleg fjölskylda sem sér fram á tekjusamdrátt. Hún þarf að spara við sig í rekstri en hún þarf líka að hafa öll spjót úti til þess að huga að aukinni tekjuöflun og það er það sem Borgarstjórn Reykjavíkur þarf að gera líka og það er mjög mikilvægur þáttur í þeirri fjárhagsáætlunarvinnu sem framundan er. Nú það er líka mikilvægt við þessar aðstæður að Borgarstjórn Reykjavíkur gefi ekki út þau skilaboð að hlutirnir séu að fara á verri veg heldur en kannski allt stefnir til. Á sama hátt er heldur ekki gott að tala þannig um hlutina að hér sé allt í besta lagi.

Ég held að Borgarstjórn Reykjavíkur og þeim fulltrúum borgarstjórnarinnar sem hafa tjáð sig um málið hafi farist það í raun og veru ágætlega úr hendi að tala annars vegar um alvarleika málsins, alvarleika stöðunnar sem komin er upp, mikilvægi þess að standa saman en samt sem áður að sjá alltaf ljósið í göngunum. Vita hvert við ætlum og vita hvernig við ætlum að vinna okkur út úr vandanum. Þetta hefur tekist fram að þessu vel og ég vænti þess að við munum halda áfram á þeirri leið.

Bstj. 21. október 2008

Nú, það eru fleiri þættir heldur en bara sem snúa að Borgarstjórn Reykjavíkur og grunnþjónustunni hér sem skipta okkur máli og við höfum ábyrgð á og það eru til dæmis dótturfyrirtæki Reykjavíkurborgar og í þessu umróti öllu hafa sennilega bestu fréttir inn í íslenskt efnahagslíf verið þegar Orkuveita Reykjavíkur fékk samþykkt framkvæmdalán hjá Evrópska þróunarbankanum vegna virkjanaframkvæmda á Hellsisheiði þar sem við erum í raun nánast að fá framkvæmdalán með ótrúlega lágum vöxtum vegna þess að erlendar peningastofnanir horfa til Íslands og þeirrar grænu orku sem við höfum tök á að framleiða hér og eru tilbúin að leggja fjármuni í framkvæmdirnar og hafa trú á því að við kunnum til verka þegar kemur að þessu.

Það eru mjög sterk skilaboð inn í íslenskt samfélag á þessum tíma og það er mikilvægt fyrir okkur að hafa það í huga og halda því á lofti. Vegna þess að grunnþjónusta Orkuveitu Reykjavíkur er ekki bara það að við getum ýtt á takka og skrúfað frá krana og annað hvort komi ljós eða renni vatn og það sé hiti á ofnunum. Orkuveita Reykjavíkur hefur líka borið mikla ábyrgð og verið í lykilstöðu í að halda uppi öflugum atvinnustigi í Reykjavík um langa hríð. Það er mikilvægt að það haldi áfram og sú lántaka sem Orkuveitan er að fá til virkjanaframkvæmda á Hellsisheiði er gríðarlega mikilvægt skref inn í það efnahagsástand sem nú blasir við. Það sama má eiginlega segja um önnur b-hluta fyrirtæki. Ég veit að höfnin horfir til þess, grunnþjónusta hennar er líka öflug atvinnuuppbygging auk þess að halda okkur hér í stöðugu sambandi við umheiminn og það er mjög mikilvægt að þessi stóru, öflugum fyrirtæki borgarinnar taki sig til og velti fyrir sér með hvaða hætti þau geta komið sterk inn í þetta efnahagsástand.

Mig langar svona kannski rétt að renna yfir það sem helst hefur verið fjallað um í þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar og ég vil bara þakka fyrir þær. Borgarstjóri reið á vaðið og talaði um mikilvægi þessarar samvinnu og aðrir sem á eftir komu gerðu það líka þó í mismiklum mæli hafi verið. Síðast en ekki síst þakkaði borgarstjóri starfsfólki Reykjavíkurborgar fyrir þá vinnu sem það er að leggja á sig við þessar aðstæður og líka mikilvægi þess að við höldum utan um okkar starfsfólk í þeirri vinnu og undir því álagi sem það er um þessar mundir.

Bstj. 21. október 2008

Það vakti hins vegar athygli mína í ræðu oddvita Samfylkingarinnar að við mættum gæta okkur á því við þessar aðstæður að vekja ekki upp væntingar sem við gætum ekki staðið við. Einhverra hluta vegna fannst mér sú umræða koma upp í framhaldi af samræðu- og samvinnuumræðunni og mikilvægi þess að standa saman. Hann leiðréttir mig ef ég er eitthvað að misskilja það en ég held einmitt þegar kemur að því, þegar við tölum um samstöðuna og mikilvægi þess að standa saman á þessum tímamótum séum við aldrei að gefa upp of miklar væntingar. En það verður náttúrliga hver að tala fyrir sig í þeim efnum og ég vona svo sannarlega að ég hafi ekki skilið það eins og mér fannst alveg hægt að gera í hans ræðu.

Hins vegar fór ekkert á milli mála þegar oddviti Vinstri grænna, ég var nærri búinn að segja „flaug á rúðuna“, en það varð annað til þess núna í þessum töluðu orðum. Að þá var alveg augljóst að þar fylgdi hugur máli. Það fylgdi hugur máli í því að standa saman við þá vinnu sem hér er framundan fyrir okkur og auk þess var það nefnt líka sérstaklega að það væri mikilvægt við þessar aðstæður að félagsleg sjónarmið næðu fram að ganga.

Virðulegi forseti, besta leiðin til að ná athygli hér á þessum fundum er að hætta að tala. Þá er eins og allir taki við sér. En ég var hér í miðjum klíðum um heitstrengingslega ræðu oddvita Vinstri grænna um mikilvægi þess að standa saman og mikilvægi þess að félagsleg sjónarmið nái fram að ganga við þessar aðstæður. Ég held að það sé ágætt að það sé tekið aðeins utan um það og menn fari yfir með hvaða hætti það sé best gert.

Ég held að það hafi verið mjög sterkur leikur eins og kom fram hjá formanni velferðarráðs í þessari umræðu að velferðarsviðið var fyrst sviða í raun og veru til að gera sérstaka aðgerðaáætlun fyrir velferðarsviðið og ég held að það hafi verið gríðarlega sterkur leikur þar sem menn voru fljótir að bregðast við þeim aðstæðum sem upp voru að koma og ég held að það hafi verið mjög vel gert og ég vil nota tækifærið og þakka formanni velferðarráðs og hennar fólki fyrir það að bregðast hratt og vel við við þessar aðstæður vegna þess að það er alveg ljóst að við slíkar aðstæður sem við stöndum núna frammi fyrir mun reyna mikið á okkar starfsfólk og þá sem eru í framlínunni á þessum sviðum kannski frekar heldur en öðrum að minnsta kosti fyrst til að byrja með.

Bstj. 21. október 2008

Oddviti Vinstri grænna minnti líka á það að það hefði mátt segja að fyrstu skrefin í samráðspólitík, svona alvöru samráðspólitík í Borgarstjórn Reykjavíkur hafi verið stigin í stýrihópi REI og ég held ég geti tekið undir það með henni að sú vinna sem þar var unnin og drög lögð að framtíðarvinnubrögðum milli ólíkra stjórnámálanna og stjórnámálflokka var til fyrirmyndar og ég held að við í raun og veru öll njótum þess í dag og eigum áfram að byggja á þeim grunni.

Ég held að ég hafi þetta ekki mikið lengra. Ef ég vík örstutt að ræðu oddvita F-listans þá eru hans skilaboð inn í vinnuna þau að þetta sé nú í raun og veru það sem hann hafi lagt til á sínum borgarstjóraferli og ég held að þá sé ekkert nema gott um það að segja, við erum þá öll á sama stað í því að halda því áfram. En umfram allt og við þessar aðstæður held ég að þessi taktur sem hér er sleginn sé til góðs. Oddviti Vinstri grænna sagði í sinni ræðu að þetta væri pólitík. Það væri klár pólitík að vinna með þessum hætti og hafa kjark til þess að fara aðeins út af því spori sem menn hafa verið. Ef það er pólitík framtíðarinnar held ég að hún sé spennandi og við tókum sameiginlega á þeim verkefnum sem framundan eru og ég vil segja það að lokum að sú vinna sem við erum núna að fara í sem er í raun og veru vinna við fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun, það verður gaman að sjá hvernig okkur tekst til. Þetta er ný tilraun og nýtt verkefni og ég vona að niðurstaðan verði sú að við verðum sammála um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2009 í öllum meginatriðum og síðan verða ákveðin einstök mál og forgangsröðun í smærri málum sem við getum þá tekist á um og það verður gaman að sjá hver útkoman verður.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs. Þá tekur við umræða um heimahjúkrun og heimaþjónustu að beiðni borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Fyrst tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.